

REGLUGERÐ

Hitaveitu Flúða.

I. KAFLI

Rekstrarform.

1. gr.

Hitaveita Flúða og nágrennis er sjálfstætt fyrirtæki sem Hrunamannahreppur á og starfrækir, hér eftir nefnt hitaveitan.

2. gr.

Verkefni hitaveitunnar er að virkja jarðhita og sjá um gerð og rekstur hitaveitu á veituvæðinu eftir því sem hagkvæmt þykir, reka aðveitur og orkudreifikerfi á starfsvæði sínu og annast sölu á varmaorku til notenda.

3. gr.

Orkuveituvæði hitaveitunnar er Flúðir og þeir bæir sem aðveituað hitaveitunnar fer um í Hrunamannahreppi og nágrennasveitum eftir nánara samþykki hreppsnefndar Hrunamannahrepps og viðkomandi sveitarstjórna og sem ráðherra samþykkir.

Hitaveitan hefur einkarétt til dreifingar og sölu varmaorku til notenda á orkuveituvæði sínu.

4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum hreppsnefndar en framkvæmdastjórn hennar skal falin veitustjórn ásamt framkvæmdastjóra.

5. gr.

Veitustjórn skipa fimm menn og fimm til vara sem kosnir eru af hreppsnefnd. Kjörtímabil hennar skal vera hið sama og hreppsnefndar. Í upphafi kjörtímabils kys hreppsnefnd formann en á fyrsta fundi veitustjórnar fer fram kjör varaformanns og ritara.

6. gr.

Hreppsnefnd ræður framkvæmdastjóra hitaveitunnar að fengnum tillögum veitustjórnar. Framkvæmdastjóri annast allan daglegan rekstur hennar og skal í þeim eignum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem veitustjórn gefur. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til veitunnar eftir þörfum umfram hina föstu starfsmenn. Framkvæmdastjóri situr fundi veitustjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Einnig hefur sveitarstjóri seturétt á fundum veitustjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Veitustjórn heldur einn reglulegan fund í hverjum mánuði samkvæmt nánara samkomulagi. Formaður veitustjórnar boðar til fundar. Einnig ber að kalla veitustjórn saman ef einn aðalmanna í stjórninni æskir þess eða framkvæmdastjóri veitunnar. Til fundar telst löglega boðað hafi allir aðalmenn í veitustjórn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Að jafnaði skal boðað til funda með skriflegu fundarboði eða á annan þann hátt sem veitustjórn kemur sér saman um. Fundarboði skal fylgja afrit þeirra

erinda sem til umfjöllunar eru. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar veitustjórnar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

8. gr.

Veitustjórn getur enga samþykkt eða ályktun gert nema boðað hafi verið til fundar með löglegum hætti og meirihluti stjórnar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Stjórnarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi stjórnarmanna fer eftir ákvæðum 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

9. gr.

Rita skal fundargerðir veitustjórnar í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskrá þær samkvæmt gildandi reglum um tölvuskráningu fundargerða. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir veitustjórnar og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina.

10. gr.

Verkefni veitustjórnar er að hafa eftirlit með því að skipulag hitaveitunnar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Hún ákveður framkvæmdir allra varmaorkumála á orkuveituvæði hitaveitunnar í samræmi við samþykktir hreppsnefndar og ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Hún semur gjaldskrá fyrir veituna og leggur fyrir hreppsnefnd og síðan ráðherra til samþykktar.

Hún semur fjárhagsáætlanir og leggur fyrir hreppsnefnd.

Hún undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og leggur fyrir hreppsnefnd.

Hún gerir tillögur um ráðningu fastra starfsmanna hitaveitunnar.

Hún gefur hreppsnefnd þær skýrslur sem óskað er eftir.

Hún semur nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist og leggur þær fyrir hreppsnefnd til staðfestingar.

11. gr.

Hitaveitan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum sveitarsjóðs og vera endurskoðaðir af endurskoðendum hans. Tekjum hitaveitunnar skal varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði þannig að tryggur sé öruggur rekstur veitunnar svo og til greiðslu afborgana og vaxta af skuldum hennar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af hreppsnefnd að fengnum tillögum veitustjórnar. Við gerð gjaldskrár skal þess gætt að orkuverð sé við það miðað að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga orku á hagkvæmu verði.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

12. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu sem tengist veitukerfi hitaveitunnar nefnist húseigandi.

Kaupandi varmaorku eða sá aðili sem skráður er fyrir mælagrind ber ábyrgð á greiðslum varmaorkugjalda.

13. gr.

Varmaorka er afhent um veitukerfi hitaveitunnar samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá. Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um sölu varmaorku utan almennra sölu-skilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki hreppsnefndar. Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur í gegnum hitakerfi hvers húseiganda endurgjaldlaust. Hús-ráðendum er heimilt að nota afrennslisvatnið til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o.s.frv. en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef hitaveitan þarf á því að halda. Hús-ráðandi skal annast og bera kostnað af að leiða afrennslisvatnið í frárennsli hússins.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við bakrennslið nema að fengnu samþykki hitaveitunnar.

14. gr.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns. Hitaveita skal gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting, hitastig og þess háttar.

15. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

16. gr.

Endursala varmaorkunnar er óheimil án samþykkis hitaveitunnar.

III. KAFLI
Veitukerfið.

17. gr.

Hitaveitan lætur leggja og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, dreifiaðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss að og með mælagrindum ásamt tilheyrandi búnaði og annast rekstur og viðhald hans.

18. gr.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg innan veitusvæðis hitaveitunnar, þar sem vatnsæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi og lagnir fyrir heitt kranavatn við hitaveituæðina. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði t.d í sumarhúsahverfum.

19. gr.

Hitaveitan annast tengingu eigin veitukerfis við húsveitu kaupanda. Við slíka framkvæmd skal hitaveitan halda raski í lágmarki. Húseigandi skal heimila að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaraust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir tengigrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitu.

Heimilt er að setja það sem skilyrði fyrir tengingu sumarhúsa að tengigrind verði í sérstökum skáp utanhúss.

20. gr.

Húseigandi greiðir stofn og mælagrindargjald samkvæmt gjaldskrá.

21. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi/kaupandi annast og kosta. Húseigandi/kaupandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi/kaupandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hitaveitunnar.

22. gr.

Hitaveitan hefur rétt til aðgangs að húsnæði því, sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds, eftirlits og breytinga.

Ef inntak hitaveitu og mælagrind er ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stökk sem auðvelt er að opna. Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar nema að fengnu leyfi hitaveitunnar.

IV. KAFLI

Húsveitur og tenging þeirra við hitaveituna.

23. gr.

Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytinga á eldri kerfum, skal sækja um orkukaupin eða breytinguna til hitaveitunnar á þar til gerðum eyðublöðum sem skrifstofa hennar lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingareftirliti hreppsins. Áhleypingu (tengingu) skal sækja um til hitaveitunnar með minnst fjögurra daga fyrirvara. Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu. Hitaveitunni er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar ef húsið er kjallara-laust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrindur og/eða annað tilheyrandi tengingu við hitaveituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og það húsrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum hitaveitu.

24. gr.

Teikningar skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunarkerfa og loftræstikerfa, reglur byggingarsamþykktar og byggingarskilmála. Samþykki hitaveitunnar á tengingu húsveita við veitukerfi sitt og/eða úttekt felur ekki í sér ábyrgð á hugsanlegum ágöllum við hönnun, gerð eða frágang húsveitunnar. Rétt til að hanna hitalagnir og gera af þeim uppdrætti eða annast hitalagnir hafa þeir einir, er til þess hafa menntun og réttindi eins og almennt er krafist. Sveitarstjórn getur sett nánari fyrirmæli og reglur um þá starfsemi á orkuveitusvæði sínu. Þeir aðilar, sem getið er í 1. mgr. þessarar greinar bera ábyrgð á því að verk þeirra sé í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli er kunna að vera gefin og samþykkt uppdrætti. Ef skipt er um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt framkvæmdastjóra skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er. Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum fyrr en annar meistari hefur tekið við verkinu.

25. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar eiga ætíð rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er til athugunar á öryggi þeirra þ.m.t. tækja, til athugunar á mælitækjum og hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá, til álestrar á mælitæki, til lokunar vegna vanskila og til annarra aðgerða, sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum hitaveitunnar.

Húseiganda/kaupanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað. Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hitaveitan stöðvað verkið þar til úr því verður bætt.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

26. gr.

Sé húsveita tengd veitukerfi hitaveitunnar án heimildar, getur hitaveitan aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

27. gr.

Húseigandi/notandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu hitaveitunnar.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum hennar.

Húseigandi/notandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar, sem verður fyrir skemmdum af völdum notenda.

V. KAFLI

Skilmálar fyrir orkusölu.

28. gr.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynninga hjá hitaveitunni þess efnis.

29. gr.

Skilyrði varmaorkusölnunnar er að í gildi sé samþykkt umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar. Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstraruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlega atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Purfi að takmarka notkun varmaorku um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalds (fasts aflgjalds eða mælagjalds). Hitaveitunni er ekki skylt að greiða bætur eða veita afslátt vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækunar á hitastigi. Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

30. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð mæla sem notaðir eru á mælagrind. Starfsmenn hitaveitunnar mega innsigla mæla.

Ef innsigli er rofið á búnaði hitaveitunnar varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Ef kaupandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 50% eða minna er heimilt að gera kaupanda að greiða mælaálestrargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða hitaveitan, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár. Notendur sem hafa hemil eiga ekki rétt á endurgreiðslu á föstu aflgjaldi þótt þeir hafi ekki getað náð því afli sem fasta greiðslan er miðuð við, en hitaveitunni er skylt að leiðréttá skekkju hemilsins svo fljótt sem auðið er.

Hitaveitunni er ekki skylt að greiða bætur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækkunar á vatnshita.

Kaupandi skal greiða fastagjald (mælagjald) þrátt fyrir stöðvun á orkuafhendingu vegna vanskila eða annarra vanefnda kaupanda þar til orkukaupasamningur er úr gildi fallinn fyrir uppsögn.

31. gr.

Kaupandi skal greiða hitaveitunni gjald fyrir varmaorkuna samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má byggja orkureikninga á áætlun um varmaorkunotkun kaupanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun. Reikningar sem byggja á staðreyndri varmaorkunotkun nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri orkunotkun nefnast áætlunarreikningar. Raunverulega varmaorkunotkun skal staðreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar varmaorkunotkun hefur verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Kaupandi getur þó jafnan gegn greiðslu mælaálestrargjalds krafist aukaálestrar og uppgjörs miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um varmaorkunotkun vegna nýrra forsendna. Ef mælir bilar eða orkukaup eru leyfð tímabundið án mælis, áætlar hitaveitan selda varmaorku með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Reikninga skal senda kaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur. Gjald-dagi reikninga er útgáfudagur. Eindagi er 15 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað. Útsending varmaorkureikninga skal fara fram eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Heimilt er að skipta reikningi vegna varmaorkukaupa um einn mæli. Sé það gert bera kaupendur um þann mæli allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á greiðslu hvers reiknings. Verði vanskil á greiðslu eins eða fleiri reikninga er hitaveitunni heimilt að stöðva orkuafhendingu um hinn sameiginlega mæli samanber 1. mgr. 30. gr.

Verði greiðslufall á reikningi hvort sem um er að ræða áætlunar- eða álestrarreikning, má hitaveitan reikna dráttarvexti frá eindaga reiknings hverju sinni.

32. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að stöðva afhendingu varmaorku til húsveitu (mælis) kaupanda, sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist kaupanda með fimm daga fyrirvara. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar. Hitaveitan hefur rétt til að krefja notandann um greiðslu kostn-

aðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar, framkvæmd stöðvunar, svo og opnun veitunnar á ný (lokunargjald). Hitaveitunni er heimilt að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er á ný.

Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal fara með það sem óleyfilega orkunotkun.

Verði uppvíst að varmaorka hafi verið notuð á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal hitaveitan áætla þá varmaorku sem notuð var óleyfilega.

33. gr.

Nú vanrækir húseigandi/kaupandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari, eða verk ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað hans.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með lögtaki.

35. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

36. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

37. gr.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hrunamannahrepps er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 112/1969 um Hitaveitu Flúða.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. september 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.